

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Ása Ögmundsdóttir
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. september 2023
Málsnúmer: 202308-0032
SS/IAS

Efni: Forkaupsréttur – beiðni um umsögn á grundvelli 37. gr. laga um náttúruvernd

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, dags. 30. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um forkaupsrétt á Kerfélaginu ehf, en félagið á um 10,5 ha úr landi Miðengis í Grímsnesi þar sem Kerið er.

Kerið og Tjarnarhólar eru á náttúruminjaskrá, svæði 746.

Kerið er formfagur gígur í Grímsneskerfinu, sem var virkt fyrir um 5 500 til 6 500 árum síðan. Kerfið er í jaðri vestur gosbeltisins og liggja hraun frá 12 eldstöðvum í kerfinu mislægt ofan á rofnum eldri jarðlögum. Hraunin þekja alls um 54 km² og runnu hraunin frá Seyðishólum, Kerhól og Tjarnarhólum nánast á sama tíma og þekja þau rúma 35 km².

Kerið var áður talið vera sprengigígur en nú er talið víst að það sé að uppruna gjallgígur og að Tjarnarhólakraun sé að mestu komið frá Kerinu. Við lok gossins hafi hrauntjörn sem var í gígnum tæmst og nær botn Kersins niður fyrir grunnvatnsborð. Hluta Tjarnarhólanna hefur þegar verið raskað vegna efnistöku auk þess sem mikil hætta er á að ásýnd svæðisins spillist vegna mikillar skógræktar suðaustan við gígana.

Verndargildi Kersins er ótvírætt, bæði vegna sérstæðs myndunarháttar og formfegurðar, og er mikilvægt að því verði ekki raskað frekar. Réttast væri að Kerið yrði friðlýst sem náttúrvætti en hvort ríkið þurfi að beita sínum forkaupsrétti skv. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 60/2013 til að það náist fram er annara að meta en Náttúrufræðistofnunar. Óneitanlega er uppsett verð afar hátt. Mikilvægt er að halda því til haga og koma á framfæri að Kerið nýtur nú sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því og nánasta umhverfi þess, nema brýna nauðsyn beri til.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

